

## Fjórði fundur Leiðtogaráðs LUF

26. janúar 2021, fjarfundur, kl. 17:30

**Mættir eru:** UVG: Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, ELSA Iceland: Kristinn Snær Guðmundsson, JCI: Ríkey Jóna Eiríksdóttir, Ungir Fjárfestar: Arnaldur Þór Guðmundsson, SUF: Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, SHÍ: Isabel Alejandra Diaz, Ungmennaráð Proskahjálpar: Sunna Dögg Ágústsdóttir, UJ: Ragna Sigurðardóttir, UE: Starri Reynisson, Unghugar: Gísli Dan Einarsson, UU: Þorgerður María Þorbjarnardóttir, AUS: Guðmundur Sigurður Stefánsson, UNF: Guðrún Fjóla Guðmundsdóttir, Ungmennaráð UN Women á Íslandi: Sigríður Þóra Þórðardóttir, SÍF: Magnús Gunnar Gíslason

**Fulltrúar Stjórnar:** Oddviti leiðtogaráðs: Geir Finnsson (GF), Forseti stjórnar: Una Hildardóttir, Lýðræðisfulltrúi: Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Ritari: Viktor Ingi Lorange (VIL), Alþjóðafulltrúi: Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF) og frá skrifstofu eru framkvæmdarstjóri: Tinna Isebarn (TI), lögfræðingur: Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og verkefnastjóri: Rut Einarsdóttir (RE).

*Fundarstjóri: Geir Finnsson, oddviti Leiðtogaráðs*

*Fundur settur: 17:36*

- Drög að dagskrá 4. fundar Leiðtogaráðs:** GF býður fólk velkomið á þennan síðasta fund ráðsins á þessu starfsári. GF kynnir dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. lögum LUF. GF gefur færi á athugasemdum við dagskrá og tekur fram að alltaf verður hægt að óska eftir að bæta við hana undir önnur mál, ef tími gefst. Engar athugasemdir bárust og er dagskráin samþykkt.
- Breytingar innan stjórnar:** GF gefur UH orðið til að greina frá breytingu innan stjórnar. UH tilkynnir um ráðningu Rutar Einarsdóttur sem verkefnastjóra LUF. Hún tók við af Heiðu Vigdísi í lok desember á síðasta ári. Við ráðningu sagði Rut af sér embætti ritara stjórnar LUF. Við úrsögn Rutar tók sambandsþingskjörinn varamaður stjórnar, Viktor Ingi Lorange við embætti ritara. GF opnar fyrir umræðu eða athugasemdir en engar bárust.
- Breyting á siðareglum:** GF býður forseta að mæla fyrir breytingum á siðareglum. UH bendir á að það hafi verið markmið í framkvæmdaáætlun fráfarandi stjórnar að móta sjálfbærnistefnu LUF. Í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna vill stjórn LUF stuðla að sjálfbæru samfélagi og leggja sitt að mörkum við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Í því ljósi var markmiðið að setja sérstaka sjálfbærnistefnu sem ætlað er að tryggja sjálfbærni í rekstri, aðgerðum, stefnumótun og áætlanagerð. Með því var ætlunin að tryggja að sjálfbærni yrði rauður þráður í allri starfsemi félagsins. Sjálfbærnistefna LUF átti einnig að nýtast sem fyrirmynd fyrir og hvatning fyrir aðildarfélögin. Fyrsta skref fráfarandi stjórnar að markmiði framkvæmdaáætlunar var því viðbót við siðareglur LUF, þ.e.a.s. sérstakur kafli um ábyrgð gagnvart samfélaginu. Fyrir sambandsþing mun stjórn kynna aðrar sjálfbærniáðgerðir í

endurbættri stefnu félagsins, tillögu að framkvæmdaáætlun og í vinnureglum stjórnar. Stjórn leggur því hér með til að bæta við kafla um ábyrgð gagnvart umhverfinu og að endurbæta kaflann um viðbrögð við brotum í siðareglum LUF. Þ.e.a.s:

### **Viðbót nýr kafla nr. 2: ÁBYRGÐ GAGNVART UMHVERFINU**

- „Við höfum umhverfissjónarmið að leiðarljósi í rekstri og sýnum gott fordæmi í umgengni við náttúru.“
- „Við leitumst við að efla vistvænt ungmennastarf og styðjumst við viðurkenndar leiðbeiningar um sjálfbærni við skipulag viðburða.“

### **Breyting á kafla 6 um: VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM**

- Tilkynning um brot færast frá stjórn og fer á borð skrifstofu LUF.
  - Kemur þessi breyting til svo best sé hægt að tryggja að sá sem leggur fram upplýsingar um áætlað brot á reglunum beri ekki skaða af og einnig svo málið verði í höndum löglærðra fagaðila.

GF tekur fram að allar breytingar á reglunum verða hér lagðar til samþykktar í heild sinni, nema a.m.k. einn fulltrúi ráðsins fari fram á annað. UH bendir á að farið verður út í frekari umhverfisaðgerðir í framkvæmdaáætlun. Fulltrúi UJ styður tillöguna og spyr út í framkvæmd siðareglna og hvernig hefur verið tekið á brotum hingað til. UH bendir á að reglurnar gilda einnig fyrir aðildarfélögin, sem hafa hingað til leitað ráða til skrifstofu LUF þegar grunur er um brot á siðareglum og hefur það reynst afar vel. GF ber breytingar á siðareglum upp til samþykktar og er tillagan samþykkt.

**4. Drög að yfirlýsingu Leiðtogaráðs LUF:** GF minnir á að ráðið hafi samþykkt á [3. fundi](#) að fela stjórn í samstarfi við aðildarfélögin að skrifa sameiginlega yfirlýsingu um stöðu ungs fólks á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19 og stjórnvöld hvött til sértækra aðgerða. Stjórn barst drög að yfirlýsingunni frá fulltrúa UJ sem stjórn og skrifstofa vann áfram með. GF þakkar fyrir framlag og frumkvæði UJ. GF opnar fyrir umræðu og breytingatillögur.

- 4.1. Fulltrúi UJ bendir á að það er nærri helmingur sem er atvinnulaus, ekki “um helmingur”. UJ leggur því til tvennt: 1) Leiðtogaráð LUF krefst stefnu \*og aðgerða\* í málefnum ungs fólks og 2) \*Nærri\* helmingur allra atvinnulausra hér á landi er ungt fólk undir 35 ára aldri. Fulltrúi UVG tekur undir með UJ um að gæta þess að tölur séu réttar.
- 4.2. Fulltrúi SHÍ lýsir yfir ánægju með yfirlýsinguna og áhyggjum yfir aðgerðarleysi stjórnvalda.
- 4.3. Fulltrúi ungmennaráðs Þroskahjálpar dregur athlygi að því á að fólk með fatlanir dettur mikið úr námi og biður um að það sé minnst á ungt fólk með fatlanir. Hún tekur fram að nú er orðið sérstaklega erfitt fyrir fötluð ungmenni að detta ekki úr námi vegna Covid-19. SÁS leggur til að bæta við í lok annarar málsgreinar: “*Ennfremur vill LUF vekja athygli á því að faraldurinn og atvinnuleysi í kjölfar hans bitnar enn harðar á fötluðum ungmennum þar sem atvinnutækifæri þeirra eru þegar af skornum skammti og hvetur leiðtogaráð stjórnvöld til að skoða þarfir þessa hóps sérstaklega.*“

- 4.4. Fulltrúi Ungra Fjárfesta minnir á hversu mikilvægt sé að fjárfesta í sjálfum sér til framtíðarinnar og að atvinnuhorfur séu ekki góðar til framtíðar og mikilvægi þess að stýra fólki á réttar brautir, m.a. með nýsköpun og iðnstörf í huga.
- 4.5. Fulltrúi UJ gerir athugasemd við titilinn og telur að titillinn myndi endurspeglar textann betur ef titlinum er breytt til að bæta við “og aðgerða”. SÁS vekur athygli á að titillinn bendi til stefnu en ekki aðgerða vegna þess að stefna er þörf til þess að taka til aðgerða. Eins tekur hún fram að fram hafi farið umræða um þetta meðal stjórnar og skrifstofu. TI tekur undir orð SÁS og minnir á að þetta sé lifandi skjal.

GF frestar umræðum og afgreiðslu á 4. dagskrárlið og verður hann tekinn upp að nýju að loknum 8. dagskrárlið.

GF tekur 4. dagskrárlið upp að nýju og gefur fulltrúa UU orðið.

- 4.6. Fulltrúi UU minnir á rétt ungs fólks til að mótmæla og samhengi þess í yfirlýsingunni. TI telur að það sé efni í aðra yfirlýsingu. Fulltrúi UU leggur til að bæta við „*Að auki hefur lýðræðisleg þáttaka ungs fólks verið að miklum hluta fólgin í grasrótarhreyfingum og mótmælaviðburðum sem fallið hafa niður vegna veirunnar. Þar má sérstaklega nefna umræðuna um loftslagsmál en þáttaka ungmenna í baráttunni hefur verið leið margra til að kljást við loftslagskviða.*”<sup>1</sup> í enda þriðju málsgreinar
- 4.7. Fulltrúi Ungmennaráðs Þroskahjálpar býður öllum í neurodiveristy movement - sem þýðir að þú hugsar aðeins öðruvísi en aðrir og býður öllum til liðs við sig.
- 4.8. Fulltrúi UJ bendir á að það er farið fram og til baka með námsmenn.
- 4.9. UH leggur til að yfirlýsingin verði samþykkt með fyrirvara um breytingu á orðalagi og felur skrifstofu verkefnið.
- 4.9.1. GF ber yfirlýsinguna upp til samþykktar með öllum þeim athugasemdum og tillögum sem bárust. Yfirlýsingin er samþykkt einróma.
- 4.10. GF gefur TI orðið til þess að mæla fyrir tillögu stjórnar um birtingu yfirlýsingarinnar: *Stjórn leggur til að yfirlýsingin verði send út á samfélagsmiðla LUF og á fjölmiðla að fundi loknum og að það verði látið nægja að oddviti leiðtogaáðs skrifi undir yfirlýsinguna f.h. Leiðtogaáðs - svo hægt verði að birta hana strax að fundi loknum.* GF ber tillögu stjórnar upp til samþykktar.
- 4.10.1. Fulltrúi UJ gerir athugasemd við tillögu stjórnar og telur sterkara að *fulltrúarnir skrifi undir f.h. félaganna.* VIL leggur til sem málamiðlun að *hafa einungis nafn oddvita undir með lista yfir aðildarfélög LUF fyrir neðan.* Fulltrúi UJ telur tillögu VIL ekki jafn áhrifamikla og ef

<sup>1</sup> Sjá meðfylgjandi tillögu UU: <https://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/1103308818817603>

nöfnin kæmu fram. UH kemur með tillögu að *einungis þeir að fundinum skrifi undir fyrir hönd félaganna sem eru á staðnum, þeim sem fjarverandi eru verður gefið færi á að vera með að fundi loknum.* Fulltrúi UJ dregur tillögu sína til baka og er tilbúin til að fallast á við tillögu UH. GF ber breytingatillögu UH upp til samþykktar og telst hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. **Drög að umsögn LUF um drög að [stefnu](#) um félags- og tómsundastarfi:** GF býður TI að kynna umsögn LUF um stefnuþrógin. Stefnan hefur verið í vinnslu hjá Æskulýðsráði. SHB situr í ráðinu f.h. LUF. Frá upphafi vinnslu stefnunnar hefur LUF kallað eftir breytingar á lögnum og ítrekað mikilvægi þess að sett verði heildstæð landsstefna um málefni ungs fólks. TI greinir frá þeim fjórum athugasemdum sem LUF gerir við stefnuþrógin mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

- **Stefnuþrógin byggja á veikum grunni:** Stefnan byggir á æskulýðslögum frá árinu 2007 sem LUF hefur kallað eftir breytingum á í mörg ár. Þar sem þau ná ekki utan um hagsmunastarf ungs fólks og gerir ekki ráð fyrir mismunandi þörfum barna og ungs fólks. Þessi stefna mun þá takmarkast við úrelt lög sem þarfnist breytinga. Þá byggist stefnan aðeins á grunni æskulýðslaga og er ætlað að vera stefna um ungmennastarf (e. Youth Work Policy) - þegar ákall hagsmunaaðila hefur verið eftir heildstæðri landsstefnu um málefni ungs fólks (e. Youth Policy) en Ísland er eitt fárra evrópuríkja sem ekki hefur slíka stefnu. Síðan er stefnan unnin af fámennum hópi eða Æskulýðsráði og aðeins hefur verið hafður einn samráðsfundur þar sem þátttakan var verulega takmörkuð. Það liggur engin greining eða rannsókn á bak við stefnuna og er hún þ.a.l. ekki byggð á staðreyndum eða raunverulegri þörf.
- **Eftirfylgni og ábyrgð er óljós:** Ekki er ljóst hver ber ábyrgð á því að stefnunni sé fylgt eftir. Áður hefur álíka stefna verið sett með háleitum markmiðum sem kom aldrei til framkvæmda og hafði það takmarkað gildi. Þar sem stefnan hefur ekki mælanleg markmið, engum er ætlað að fylgja henni eftir og ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að framkvæma aðgerðir stefnunnar hvorki á fjárlögum né í fjármálaáætlun. Hætt er við að sama gerist nú og stefnan verði merkingarlaus.
- **Hugtakanotkun er ábótavant:** LUF lýsir yfir áhyggjum af hugtakanotkun innan málaflokksins og vekur athygli á mikilvægi þess. Til þessa hefur hugtakanotkun verið hamlandi fyrir ungmennastarf á Íslandi, þá sérstaklega fyrir hagsmuna- og félagsstarf ungs fólks þar sem orðanotkun miðar við úreltan grunn æskulýðslaga. Ungt fólk á að fá að skilgreina sig sjálft og mikilvægt er að orðanotkun sé sambærileg því sem gerist alþjóðlega. Notast hefur verið við „Youth Work“ sem oftast hefur verið þýtt sem „æskulýðsstarf“ og er samheiti hugtaksins „ungmennastarf“. LUF telur jákvætt að ákveðið hafi verið að falla frá „æskulýðsstarf“ í heiti stefnunnar en varar við hættunni á því að „félags- og tómsundastarf“ muni reynast útilokandi. Við teljum að felstir geti staðsett sig undir „ungmennastarfi“. Stefnan vísar í skilgreiningu sem segir að skilyrðin fyrir tómsundum sé að „einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómsundir sé að ræða.“ Við þurfum að tryggja að ungt fólk í hagsmunastarfi

finni að þau eigi heima undir stefnunni. Stefnan telur þó starfsemi sem skipulögð er í kringum málefni eða til að berjast fyrir ákveðnum hagsmunum falla undir félags- og tómstundastarf, að það gengur ekki það gengur ekkert frekar en að ríkið fari að skilgreina réttindabaráttu hinsegin fólks eða annarra hópa sem félags- og tómstundastarf. Á samráðsfundi Æskulýðsráðs við mótun stefnunnar kom skýrt í ljós að haghafar vildu ekki styðjast við hugtakið tómstundir í titli stefnunnar. Því leggur LUF til að stefnan muni heita „stefna um ungmennastarf“.

- **Skortur á alþjóðlegu samhengi:** Í stefnuáætlunum er stefnan takmörkuð við „ungmennastarf“ en aðrar þjóðir hafa slíka stefnu sem undirlið í heildstæðri stefnu í málefnum ungs fólks. Stefnan er því töluvert takmarkaðri en LUF vonaðist eftir í upphafi, enda byggist hún á úreltum tilmælum frá Evrópuráði. Síðan þau tilmæli voru gerð hafa bæði Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar sett fram áherslur í ungmennamálum til 2030 sem ganga töluvert lengra en stefnuáætlunin í að tryggja gagnsæi og að veita ungu fólki virka aðkomu að ákvarðanatöku á öllum sviðum samfélagsins.

5.1. GF tekur það fram að honum finnist orðið „tómstundir“ smækka það starf sem við störfum. GF opnar fyrir umræðu og spurningar. Fulltrúi Þroskahjálpar tekur fram gildi þess að skemmta sér og kynna öðru fólki, ekki bara að læra. GF ber umsögn LUF upp til samþykktar og tekur fram að verði umsögn LUF samþykkt hér mun það vera tekið fram að umsögnin hafi verið samþykkt af leiðtogaráði í lok umsagnar. Enginn hreyfir við andmælum og því telst umsögnin samþykkt af ráðinu. GF hvetur aðildarfélögin til þess að kynna sér stefnuáætlunina og senda inn sjálfstæða umsögn.

6. **Tillaga að kjörstjórn fyrir sambandsþing:** GF býður forseta að mæla fyrir tillögunni. UH greinir frá að stjórn ber að leggja fram tillögu að kjörstjórn sem hefur það eina hlutverk að tryggja að í hvert embætti sem kosið er í á sambandsþingi sé a.m.k. einn frambjóðandi. Stjórn leggur til við leiðtogaráð að kjörstjórn verði:

1. Sigurður Sigurðsson, fyrrverandi forseti LUF
2. Sigurður Helgi Birgisson, lögfræðingur LUF
3. Fulltrúi leiðtogaráðs, skipaður á 4. leiðtogaráðsfundi

Stjórn telur duga að leiðtogaráð skipi einn en útilokar ekki fleiri. Lagt er til að sá sem gefur kost á sér verði sjálfkjörinn. GF ber tillögu stjórnar upp til samþykktar, engin hreyfði við andmælum. Telst tillagan þá samþykkt.

6.1. GF óskar eftir framboði til að skipa sæti fulltrúa leiðtogaráðs í kjörstjórn. Fulltrúi Ungra fjárfesta biður um lýsingu á hlutverkinu. GF útskýrir hlutverkið. Fulltrúi SUF býður sig fram í kjörstjórn og er sjálfkjörin.

7. **Félagi ársins 2020:** GF býður RE að kynna féлага ársins. RE útskýrir að Félagi ársins er viðurkenning fyrir sjálfboðastarf innan aðildarfélaga LUF sem veitt verður í þriðja sinn. Aðildarfélögin eru beðin um að tilnefna framúrskarandi félagsmann sem þau vilja umbuna fyrir vel unnin störf. Allir sem hljóta tilnefninguna fá viðurkenningu. Einn af þeim verður valinn fyrir að standa uppúr og hlýtur titilinn Félagi ársins 2020 og þar með farandbikar LUF fyrir framúrskarandi störf í þágu ungs fólks á Íslandi. Heiðurinn hlýtur sá einstaklingur sem hefur árinu 2020 tekið óeigingjarna forystu og

sýnt alúð í starfi. Hvert aðildarfélag getur tilnefnt einn félagsmann og hvetur LUF sem flest félög til að taka þátt. Opið er fyrir tilnefningar til Félaga ársins 2020 á heimasíðu LUF, luf.is. Frestur til að senda inn tilnefningu er eigi síðar en fimmtudaginn 18.

Febrúar. Félagi ársins verður síðan boðið að taka á móti viðurkenningunni á opnum viðburði í beinu streymi á samfélagsmiðlum. GF gefur færi á spurningum en engar bárust.

- 8. Sambandsþing 2021:** GF býður forseta að greina frá upplýsingum um Sambandsþing. UH kynnir að Sambandsþingið verði haldið rafrænt í fyrsta sinn í sögu félagsins Þingið fer fram laugardaginn 27. febrúar kl. 13. UH biður leiðtoga ráð um að taka daginn frá. Formlegt fundarboð verður sent út ásamt fundargögnum í síðasta lagi þann 13. febrúar. UH býður uppá spurningar. GF opnar fyrir umræðu og spurningar:

- 8.1. Fulltrúi UJ spyr um framboðsfrest til stjórnar. UH staðfestir að framboðsfrestur er samdægurs. Fleiri spurningar bárust ekki.

GF opnar aftur umræður og afgreiðslu á 4. dagskrárlið sem frestað var fyrr á fundinum. Umræður og ákvarðanir eru færðar í fundargerð undir þeim lið.

- 9. Önnur mál:** GF gefur fulltrúum færi á bera upp önnur mál á dagskrá:

- 9.1. Fulltrúi UVG leggur áherslu á hvað covid-19 hefur aukið þátttöku fólks á landsbyggðinni og biðlar til LUF og annarra að hafa það íhuga þegar aftur verður snúið til raunheima.
- 9.2. Fulltrúi JCI kemur með hugmynd um „speedfriending“ í rafrænu umhverfi og kannar áhuga hjá öðrum. Þar sé einhver með kynningu og svo skipt í hópa til að kynnast.
- 9.3. GF og UH hvetja aðildarfélögin til þess að nýta leiðtoga ráðshópinn á Facebook varðandi fyrirspurnir, samstarf o.þ.h.
- 9.4. GF slítur fundi.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:06*

*RE ritaði fundargerð*